

Brot það er kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 211. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940, eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið er ljóst að hér er um alvarlegt brot að ræða. Kærði stakk X með 35 cm löngum búrhnif með 20 cm löngu blaði, sem er 4-5 mm breitt, og skildi X eftir hjálparvana. Tilviljun ein réð því hvar hnífurinn lenti.

Ljóst er af því sem að framan greinir að framburður kærða og X er ósamhljóða að verulegu leyti hvað varðar aðdraganda árásarinnar.

Þykir rétt með vísan til þess sem að framan er rakið að taka kröfu RLR til greina með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Viðir Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 17:00.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.
Nr. 126/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Óla Pálma Halldóri Þorbergssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1988 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærðað krafist þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og ákæru vísað frá sakadómi, en til vara að ákærði verði sýknaður. Þá er þess krafist að dæmd verði málsvarnarlaun.

Ekki þykja þeir annmarkar vera á ákæru er valdi því að vísa beri henni frá sakadómi, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 38/1987 og nr. 39/1987, sem upp voru kveðnir 3. júní 1987.

Á það þykir skorta að prófun ákærðað og vitnisins Hermanns Gunnars Björgvinssonar fyrir dómi hafi verið nægilega skilvirk með hliðsjón af rannsóknargögnum, sbr. 1. og 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verður að ómerkja málsmeðferð frá og með þinghaldi 13. mars 1987 svo og hinn áfrýjaði dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærðað fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 13. mars 1987 eru ómerkt og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðað fyrir Hæstarétti, Hilmaris Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 23. október 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. þ.m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 20. mars 1986 „á hendur Óla Pálma Halldóri Þorbergssyni, Selbrekku 3, Kópavogi, fæddum 17. júlí 1916 á Sæbóli, Sléttuhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrir okur með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermannni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 50 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 19. janúar 1984 og lánað honum kr. 174.400,00, sem greiðast skyldu

þann 19. mars 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 200.000,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 25.600,00 og svara til 75,5% ársvaxta í stað 24% ársvaxta, sem þá var hæst heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánnum, og því kr. 17.467,00 umfram hæstu lögleyfðu vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermannni Gunnari í 49 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skipti þann 21. október 1985, og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 2.936.888,00 umfram lögleyfða vexti, ...“ Með bréfi ríkissaksóknara sem dagsett er 6. febrúar 1987 er „fallið frá ákæruatriðum varðandi lán veitt eftir 11. ágúst 1984 í ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 20. mars 1986, og er eigi krafist frekari aðgerða í máli þessu af ákæruvaldsins hálfu varðandi þau ákæruatriði.“

Í ákæruskjalinu frá 20. mars 1986 er ætluðum brotum ákærða ennfremur lýst þannig:

Dagsetning láns	Greiðslu-dagur	Lánsfjárhæð	Endurgreitt	Áskildir vextir
30.1.1984	30.3.1984	308.685,00	354.000,00	75,5%
19.1.1984	19.3.1984	174.400,00	200.000,00	75,5%
16.3.1984	16.5.1984	61.040,00	70.000,00	75,5%
25.3.1984	25.5.1984	87.200,00	100.000,00	75,5%
1.5.1984	1.7.1984	34.880,00	40.000,00	75,5%
20.5.1984	20.7.1984	38.875,00	44.580,00	75,5%
21.5.1984	21.7.1984	40.896,00	46.900,00	75,6%
25.5.1984	25.7.1984	100.000,00	114.680,00	75,5%
4.7.1984	4.9.1984	87.200,00	100.000,00	88,1%

Vextir umfram lögleyfða vexti fyrir umrætt tímabil eru taldir í ákærunni vera samtals kr. 101.521,00.

Í ákærunni er háttsemi ákærða talin „varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar frá Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.“

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum

eru málavextir svo sem nú verður frá greint. Við húsleit sem Rannsóknarlögregla ríkisins gerði hjá Hermanni Björgvinssyni að Hafnarstræti 20 í Reykjavík þann 31. október 1985 „fundust gögn sem bentu til“ ... að ákærði ætti hjá Hermanni ... „verulegar fjárhæðir“.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi selt feðgunum Hermann Björgvinssyni og Björgvini Hermannssyni húseign og hafi þeir greitt fyrir hana á árinu 1983. Síðan hafi þeir fengið andvirðið og lofað ákærða því að ávaxta það fyrir hann. Ákærði hefur haldið því fram að þeir feðgar hafi sagt að þessi viðskipti ætti hann við Verðbréfamarkaðinn sem Björgvin væri skráður fyrir. Ákærði hefur neitað því að hafa lánað Hermanni peninga heldur hafi hann látið hann hafa fé til ávöxtunar. Hermann hafi oft hringt til sín og sagt að sig vantaði peninga fyrir Verðbréfamarkaðinn. Hafi Hermann gengið fast eftir því að ákærði léti sig hafa peninga. Hermann hafi sjálfur ábyrgst endurgreiðslu ásamt vöxtum.

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrít af tékkum sem útgefnir eru af Hermanni Björgvinssyni og eru þeir allir framseldir af ákærða nema tékki útg. 1. júlí 1984 að fjárhæð kr. 40.000,00. Fjárhæðir tékkanna eru þær sömu og tilgreindar eru sem endurgreiðsla á lánsfé hér að ofan. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við þessum tékkum úr hendi Hermanns Björgvinssonar en hann hafi átt þetta fé inni hjá honum. Þá hefur ákærði staðfest fyrir dómi lögregluskýrslu þar sem fram kemur að umræddum tékkum hafi hann tekið við frá Hermanni Björgvinssyni sem greiðslu fyrir peninga ásamt ávöxtun sem ákærði hafi afhent Hermanni tveimur mánuðum fyrr. Einnig hefur ákærði staðfest fyrir dómi lögregluskýrslu þar sem hann hefur tilgreint fjárhæðir og tímabil og sagði hann fyrir dómi að þessar upplýsingar gæfu til kynna hvernig inneign, endurgreiðslum og ávöxtun var varið á tilgreindum tímabilum.

Vitnið Hermann Björgvinsson hefur skýrt svo frá að ákærði hafi á tímabilinu janúar til ágúst 1984 lánað sér peninga gegn vöxtum. Þeim hafi báðum verið kunnugt um að þetta voru lánveitingar. Vitnið kvaðst ekki hafa beitt ákærða neinum þvingunum til þessara viðskipta. Þeir hafi samið um ákveðna vexti en ekki hafi verið tekið mið af auglýstum vöxtum.

Engar bótakröfur hafa komið fram í máli þessu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu í málinu og málsvarnarlauna ásamt söluskatti.

Niðurstöður.

Með vísan til þeirra gagna sem hér að framan eru rakin, framburðar ákærða og vitna þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í máli þessu en ákærði hefur viðurkennt að hafa afhent Hermanni Björgvinssyni þær fjárhæðir sem um ræðir í máli

þessu og að hafa tekið við tékkum sem lagðir hafa verið fram í ljósritum og eru sömu fjárhæðar og með sömu útgáfudögum og tilgreindir eru hér að ofan. Ennfremur hefur ákærði staðfest að dagsetningar og fjárhæðir sem hér skipta máli sýni hvernig inneign, endurgreiðslu og ávöxtun var varið á þeim tímabilum sem tilgreind eru í ákæru og um er fjallað í máli þessu en þessum atriðum ber í öllu saman við það sem rakið er í ákærunni.

Brot ákærða þykja varða við 2. mgr. 6. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 58/1960 sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl. frá 16. desember 1983 og um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 20. janúar 1984 og 9. maí s.á. sbr. ákvæði til bráðabirgða í vaxtalögum nr. 25/1987. Samkvæmt 4. tl. II. kafla nefndra auglýsinga námu hámarks-vextir þann 19. janúar 1981 27% á ári og þann 30. janúar til 4. júlí s.á. 21% á ári. Ólögleg vaxtataka ákærða hefur því verið samtals 102.580,00 kr. fyrir þær lánveitingar sem ákæruvaldið gerir kröfur vegna, en þar sem í ákærunni er miðað við að ólögleg vaxtataka hafi verið kr. 101.521,00 verður að miða við þá fjárhæð við ákvörðun refsingar sbr. 118. gr. um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kæru eða refsingu áður svo kunnugt sé. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði sem sakfelld er eftir sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 420.000,00. Rétt þykir með tilliti til málsatvika að fresta greiðslu sektarinnar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar þessarar er ákveðið samkvæmt fyrimælum í 1. mgr. 54. gr. sömu laga að ákærði sæti 7 mánaða varðhaldi verði sektin eigi greidd innan 6 vikna frá því að ákærða er tilkynnt að til fullnustu komi.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000,00, þar með talinn sölu-skattur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óli Pálmi Halldór Þorbergsson, greiði kr. 420.000,00 í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal greiðslu sektarinnar og fellur hún niður að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar sæti ákærði 7 mánaða varðhaldi verði sektin eigi greidd innan 6 vikna frá því að ákærða verður tilkynnt að refsingu verði beitt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar hdl., kr. 30.000,00, þ.m.t. sölu-skattur, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 67/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Okur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1988 að ósk ákærða en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur verjandi ákærða krafist þess að málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá sakadómi. Til vara krafðist hann að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og til þrautavara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvagnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Ómerkingar- og frávisunarkrafa ákærða er byggð á því að ákæra í málinu fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til hennar, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Eigi verður fallist á að gallar séu á ákæru sem valda eigi ómerkingu hins áfrýjaða dóms og frávisun málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 38/1987 og nr. 39/1987, sem upp voru kveðnir 3. júní 1987.